

Nesvegur 5 ehf.  
Hellnafelli 6  
350 Grundarfjörður

Reykjavík, 3.7.2023  
UST202306-097/S.K.  
08.12.02

### **Efni: Reglubundið eftirlit þann 15. júní 2023– Nesvegur 5 ehf. Ásmundarnesi**

Þann 15. júní sl. fór fram eftirlit hjá Nesvegi 5 ehf. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

#### **Þrjár ábendingar voru settar fram í eftirlitinu:**

1. Ábending er sett fram þar sem fóður útfelling sást í frárennsli í settjörn en samkvæmt starfsleyfi á rekstraraðili að sjá til þess að ekki sjáist útfelling við frárennsli. Nauðsynlegt er að kom trommlusíu fyrir sem fyrst til að koma í veg fyrir uppsöfnun fóðurútfellingar. Samkvæmt rekstraraðila á trommulsían að vera komin í notkun fyrir lok sumars.
2. Ábending er sett fram er varðar að nauðsynlegt er að vera með olúgeymi í pró með olúgildru ef geymirinn er ekki með tvöföldu byrði.
3. Ábending er sett fram er varðar þjálfun starfsfólks en rekstraraðila ber að vera með áætlun um þjálfun sem þarf að vera tiltæk þegar farið verður í að ráða fleira starfsfólk.

#### **Tvö frávik komu fram er varða:**

1. gr. 3.10 í starfsleyfi. Í greininni kemur fram að ef endurnotkunar- og endurnýtingamöguleikar eru ekki fyrir hendi skal lífbrjótanlegur úrgangur fluttur til viðurkenndrar meðhöndlunar. Það kom fram í eftirliti að tvær tunnur af dauðfiski hafi verið urðaðar á svæðinu.
2. gr. 3.10 í starfsleyfi og 41. gr. í reglugerð 884/2017 um varnir gegn olúmenguna frá starfsemi á landi. Skv. 41. gr. í reglugerðinni þurfa mengunar-, áreksturs-, eld – og slysavarnir vera tryggðar. Engin árekstrarvörn er við olúgeymi á svæðinu. Búið er að setja árekstrarvörn, frávikinu er því lokið.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 24. júlí n.k.

Virðingarfyllt

Sigríður Kristinsdóttir  
Teymisstjóri

Freyr Ævarsson  
Sérfræðingur